



Skýrsla um sjálfsmat

Innra mat í Menntaskólanum að Laugarvatni

2021-2022

Freyja Rós Haraldsdóttir

September 2022



Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Eftirfylgni við síðustu umbótaáætlun (2020-2021).....	4
3. Framhaldsskólapúlsinn 2019 og 2021 – viðmið um árangur.....	6
4. Framhaldsskólapúlsinn 2021 – ný markmið og aðgerðir.....	7
Einelti, áreitni og ofbeldi - líðan.....	7
Leiðsagnarnám – námsumhverfi.....	11
Styrkleikar - Framhaldsskólapúlsinn.....	11
5. Svefn.....	13
6. Áfangamat haust 2021 og vor 2022.....	14
7. 3ja ára stúdentar og 5 ára stúdentar vor 2022.....	16
5 ára stúdentar vor 2022.....	17
3ja ára stúdentar vor 2022.....	18
8. Stofnun ársins.....	19
9. Umbótaáætlun vegna innra mats 2021-2022.....	20

Töflur og myndir

Mynd 1 – Áætlun um sjálfsmat fyrir veturinn 2021-2022	3
Mynd 2 - Einelti - þróunin	7
Mynd 3 - Áreitni og ofbeldi - þróunin.....	8
Mynd 4 - Í skólanum á ég marga góða vini.....	11
Mynd 5 - Fjarvera: Skróp í tíma.....	12
Mynd 6 - Fjarvera: Seinkomur í tíma	12
Mynd 7 - Hlutfall þeirra sem segjast fá um 8 klst. svefn í ML, á Laugum og á landsvísu.....	13
Mynd 8 - ML í Mogganum	13
Mynd 9 – Niðurstöður áfangamats haust 2019-vor 2022	14
Mynd 10 - Útivistarferð, rafting í Hvítá	16
Mynd 11 - 5 ára stúdentar - dvölin í heild	17
Mynd 12 - 5 ára stúdentar - undirbúningur fyrir frekara nám.....	17
Mynd 13 - 3ja ára stúdentar - dvölin í heild.....	18
Mynd 14 - 3ja ára stúdentar – undirbúningur fyrir frekara nám	18
Mynd 15 - Heildarmat "Stofnun ársins"	19

1. Inngangur

Sjálfsmatsnefnd annast innra mat skólans. Sjálfsmatsnefnd starfar samkvæmt reglugerð og vinnur eftir sjálfsmatsáætlun. Nefndin útfærir og leggur fyrir kannanir meðal nemenda, útskrifaðra stúdenta, foreldra og starfsfólks. Sjálfsmatsnefnd ML fundaði þrisvar sinnum veturinn 2021-2022 og hafði þess á milli samskipti í tölvupósti og á Teams. Í nefndinni sátu:

- Freyja Rós Haraldsdóttir, verkefnastjóri gæðamála/formaður
- Elín Jóna Traustadóttir, verkefnastjóri upplýsingatækni
- Sigurður Pétursson, fltr. kennara
- Erla Þorsteinsdóttir fltr. annars starfsfólks
- Óskar Snorri Óskarsson fltr. nemenda
- Eydís Yrja Jónsdóttir fltr. nemenda
- Sveinn Kristján Rúnarsson, fltr. foreldra

Í þessari skýrslu er greining á niðurstöðum og umræður um kannanirnar sem framkvæmdar voru á skólaárinu 2021-2022. **Könnun vegna mótuneytis, bókasafns og ræstingar var ekki framkvæmd.** Formaður sjálfsmatsnefndar mun leggja til að gerð verði allsherjar þjónustukönnun vorið 2023 í staðinn.

2021-2022	
Haust 2021	<p>Nemendur: Framhaldsskólaupúlsinn</p> <p>Nemendur: Áfangamat</p>
Vor 2022	<p><u>Allir: Mötuneyti, bókasafn og ræsting</u></p> <p>Útskrifaðir nemendur: Könnun meðal 3ja ára stúdenta (2019)</p> <p>Útskrifaðir nemendur: Könnun meðal 5 ára stúdenta (2017)</p> <p>Nemendur: Áfangamat</p> <p>Starfsfólk: Stofnun ársins</p>

Mynd 1 – Áætlun um sjálfsmat fyrir veturinn 2021-2022

2. Eftirfylgni við síðustu umbótaáætlun (2020-2021)


Síðasta vetur var unnið að því að fylgja settum markmiðum og aðgerðum umbótaætlunar eftir veturinn 2021-2022. Í töflunni hér fyrir neðan er samantekt á því hvernig til tókst að framkvæma. Flestu var lokið, horfið var frá fáeinum aðgerðum og nokkur atriði færast yfir á umbótaáætlun fyrir næsta skólaár (sjá aftast í þessari skýrslu).

Nr.	Aðgerð til umbóta	Staða/athugasemd
1	Álagsyfirlitið eftl [eða með öðru móti aukið samtal/yfirsýn yfir námsmat].	Horfið frá – en rætt og vinnulag e.t.v. bætt.
2	Verkferlar EKKO endurskoðaðir með ráðgjöf frá Hrefnu Hugosdóttur hjá Auðnast. Einnig gerð áætlun um fræðslu til starfsfólks og nemenda.	Lokið
3	Formfesta EKKO fræðslu í áföngum og umsjónartímum.	Lokið
4	Fræðslufyrirlestur um koffín.	Fært á næstu áætlun (datt ítrekað uppfyrir).
5	Fróðleikur [um koffín og svefn] á skólaskjáinn (eða á vegg).]	Lokið varðandi svefn. Er á lista hjá gæðastjóra.
6	Senda tölvupóst með fræðsluefni til foreldra [um svefn og koffín].	Lokið – foreldrum bent á upptökur vef rannsóknar og greiningar og hlaðvarp um heilsu unglunga.
7	Körfuboltaæfingar komist á fyrir ML-inga í samstarfi við UMFL.	Lokið
8	Fjallganga.	Lokið
9	Stefna sett í heilsueflingu.	Fært á næstu áætlun.
10	Fá hjúkrunarfræðing til að koma inn í bekki í umsjón og/eða lífsleikni.	Lokið
11	Auglýsa meira leiðirnar [varðandi hjúkrunarfræðing], m.a. með upplýsingum á heimasíðu ML og á skólaskjánum.	Lokið
12	Skyldumæting á forvarnardaginn/forvarnarferð.	Lokið
13	Endurskoða forvarnarstefnuna. Gera stefnuna sýnilegri með því að senda póst á nemendur, foreldra og starfsfólk. Velja áherslur hverju sinni.	Lokið
14	Hengja upp plaköt [með fræðslu um vímuefni].	Horfið frá vegna stefnu Landlæknisembættis – 5 leiðir að vellíðan.
15	Festa fundi um vímuefnamál.	Lokið
16	Fræðsla um notkun nikótínþúða.	Horfið frá vegna stefnu Landlæknisembættis – 5 leiðir að vellíðan.
17	Fastir mötuneytisfundir.	Lokið
18	Stefna sett fyrir mötuneytið.	Fært á næstu áætlun.
19	Gátlisti HEF fyrir mötuneyti fylltur út.	Fært á næstu áætlun.
20	Halda betur á lofti kostum mötuneytisins.	Fært á næstu áætlun.
21	Endurskoðun námskrár m.a. með hliðsjón af ábendingum frá útskrifuðum nemendum.	Lokið

Fimm leiðir að vellíðan

Veturinn 2021-2022 var fimm leiðum að vellíðan haldið á lofti í ML m.a. með því að gefa hverri leið rými á skólaskjá um ákveðinn tíma. Þetta samræmist heilsueflandi starfi og forvarnarstefnu skólans. Áherslur í forvarnarstarfi lúta í vaxandi mæli að því að efla bjargir, tengsl og velsæld frekar en að hamra á því hvað er skaðlegt.

Fimm leiðir að vellíðan



3. Framhaldsskólalápurinn 2019 og 2021 – viðmið um árangur

Framhaldsskólalápurinn var síðast lagður fyrir í ML haustið 2019 og aftur haustið 2021. Hér gefst tækifæri til að meta árangur út frá þeim markmiðum og viðmiðum sem voru sett. Aðgerðir miðuðu að því að bæta líðan (einelti, áreitni og ofbeldi) og námsumhverfi (samsömun við nemendahópinn; stuðningur kennara við nemendur). Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir það hver þróunin varð í þessum matsþáttum. Mælingar voru í rétta átt varðandi það að vera útundan, passa ekki í hópinn og stuðning kennara við nemendur. Hitt er verra að einelti, áreitni og ofbeldi virðast hafa stóruð. Það hefur gerst þrátt fyrir ýmsa viðleitni til að styðja við góða líðan og samskipti meðal nemenda, en þessar niðurstöður ýta á alla aðila skólasamfélagsins að leggja enn harðar að sér í þeim efnum, eins og nánar verður fjallað um í næsta kafla.


Viðmið um árangur, áætlun sett	Þróun
Einelti og áreitni sé ekki yfir landsmeðaltali framhaldsskóla.	Svör nemenda benda til mikillar aukningar á einelti. Svörin benda til að 24,4% nemenda í ML hafi orðið fyrir einelti en landsmeðaltalið er 14,4%. Áreitni og ofbeldi virðist líka hafa aukist. 47,6% í ML sögðust hafa orðið fyrir slíku en 27,9% á landsvísu. Viðmiðum ekki náð, þróun í ranga átt. Sjá myndir á bls. 7.
Fækka hlutfallslega í hópi þeirra sem finnst þau útundan og líður eins og þau passi ekki inn í hópinn um 5 prósentustig (m.v. sammála og mjög sammála).	Útundan: 2019 var hlutfallið 17,8% (n23), 2021 var það 16,1% (n20) =lækkun um 1,7 prósentustig. Passi ekki í hópinn – 2019 var hlutfallið 29,4% (n37), 2021 var það (n30) =lækkun um 5,2 prósentustig. Viðmiðum að hluta til náð, þróun í rétta átt.
Stuðningur kennara við nemendur sé ekki undir landsmeðaltali framhaldsskóla.	Hefur aukist jafnt og þétt í ML (5,1) og nálgast landsmeðaltalið (5,4). Enn eru 0,3 stig á milli. Nálgumst viðmiðið, þróun í rétta átt.

4. Framhaldsskólaláupsinn 2021 – ný markmið og aðgerðir

Framhaldsskólaláupsinn 2021-2022 var lagður fyrir í Menntaskólanum að Laugarvatni í umsýjartíma föstudaginn 22. október 2021. Í úrtakinu voru allir 152 nemendur skólans, 140 opnuðu könnunina, svarhlutfall var 92,1%. Í þessum kafla er fyrst fjallað um einelti, áreitni og ofbeldi, svo leiðsagnarnám og námsumhverfi. Farið er yfir niðurstöður varðandi þessa þætti og áætlaðar umbótaáðgerðir. Að lokum er fjallað um jákvæða punkta úr niðurstöðum framhaldsskólaláupsins sem var lagður fyrir haustið 2021.

Einelti, áreitni og ofbeldi - líðan

Eins og fram kom hér á undan fóru tölur um einelti, áreitni og ofbeldi hækkandi á milli kannana.



Mynd 2 - Einelti - þróunin

Þegar farið er nánar í saumana á spurningar um einelti sést að mest er um það í hópi yngstu nemendanna og það er næstum tvöfalt meira í hópi stelpna heldur en stráka. Baktal og særandi ummæli og framkoma voru algengust. Til að mæla **einelti** er spurt hvort nemendur hafi upplifað eftirfarandi *aldrei*, *sjaldan*, *stundum* eða *oft*.

3.9.1 Mér fannst að einhver væri að baktala mig

3.9.2 Ég var útilokuð/útilokaður úr hópnum


3.9.3 Einhver sagði eitthvað særandi við mig

3.9.4 Mér leið mjög illa yfir því hvernig aðrir komu fram við mig

3.9.5 Mér leið mjög illa yfir því sem aðrir sögðu um mig eða við mig á netinu

Ef rýnt er í tölurnar á bak við aukningu á áreitni og ofbeldi kemur í ljós að síðustu 2 mánuði á undan höfðu margir upplifað eitthvað misjafnt (hér er um að ræða fjöldatölur en ekki hlutfall):

- 6 orðið fyrir barsmíðum eða öðru líkamlegu ofbeldi
- 13 verið hótað eða ógnað þannig að þau óttuðust um öryggi sitt
- 44 verið niðurlægð fyrir framan aðra
- 10 orðið fyrir kynferðislegri áreitni
- 6 orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi
- 30 orðið fyrir því að persónulegum eignum þeirra var stolið



Mynd 3 - Áreitni og ofbeldi - þróunin

Þetta er að sjálfsögðu lítið alvarlegum augum. Umræður hafa verið meðal stjórnenda og í sjálfsmatsnefnd um hugsanlegar ástæður, en það er erfitt að fullyrða um hvað liggur þarna að baki. Hafði Covid og áhrif þess á félagslífið slæm áhrif á tengsl og samskipti? Voru einstaka nemendur að hafa mikil áhrif til hins verra? Hefur síaukin kynjaskekkja neikvæð áhrif? Þurfum við að stórauka forvarnir og fræðslu? Hver svo sem ástæðan er þá eru öll sammála um að þetta þurfi að breytast. Árið 2014 mældist einelti einungis 3,9% í ML svo það ætti að gefa góða von. Í litlum skóla er hætta á meiri sveiflum í svona könnunum (hver nemandi telur mikið) og vonandi verður öflug sveifla í rétta átt í næstu könnun.

Eins og fram kom í kaflanum hér á undan þá var einnig stefnan eftir síðustu könnun Skólapúlsins 2019 að draga úr einelti, áreitni og ofbeldi. Liður í því var að fá fræðslu frá

ráðgjafarstofunni Auðnast fyrir alla nemendur (vor 2021) og starfsfólk (haust 2022) skólans. Gátlisti fyrir umsjónarkennara var uppfærður þannig að umsjónarkennari hvers bekkjar átti að kynna áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi í umsjónartímum.

Umfjöllun um samskipti, sjálfsmynd, heilsu o.fl. hafa alltaf verið hluti af lífsleikni og umsjón en meðal þess sem verður látið á reyna er að gera skýrari forvarnaráætlun með kortagningu á því hvar og hvenær er fjallað er um eftirfarandi atriði:

- Skólafærni
- Sjálfsmynd
- Geðheilsu
- Samskipti
- Heilbrigði

Sett hefur verið upp áætlun fyrir haustið 2022 þar sem liggja fyrir drög að dagskrá í lífsleikni og umsjónartímum. Margt fleira styður við þessar áherslur eins og fjallganga, kórinn, útivistin og öflugt félagslíf á vegum nemendafélagsins Mímis. Nýnemavikan var með örlítið breyttu sniði í ár, þar sem m.a. var haldin kvöldvaka fyrsta kvöldið sem nemendur á fyrsta ári komu á svæðið.

Í árlegri forvarnarferð fyrsta bekkjar hefur nú í tvö skipti verið farið í Dale Carnegie, með áherslu á samskipti og tengsl. Áður var venjan að heimsækja höfuðstöðvar ÁTVR með meiri áherslu á fræðslu um skaðsemi vímuefna. En segja má að það sé í samræmi við „fimm leiðir til vellíðunar“ að einbeita sér að því að byggja upp öfluga einstaklinga og líta á það sem verndandi þátt gagnvart vímuefnaneyslu.

Baráttudagur gegn einelti 8. nóvember verður undirstrikaður í lífsleikni fyrsta bekkjar þá vikuna og einnig verður umfjöllun verður um góð samskipti í umsjónartímum í öllum bekkjum. Stefnt er að því að þróa áfram og kynna samskiptasáttmála ML (að fyrirmynd FB og Landsspítalans), sem hluta af forvarnarstarfi skólans.

Ný áætlun um aðgerðir í EKKO málum (einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi) var samþykkt í byrjun september 2022 og birt á heimasíðu skólans. Áætlunin var kynnt á skólafundi með öllu starfsfólki (og deilt á Teams). Framundan er að kynna hana einnig fyrir foreldrum og nemendum. Mikil vinna fór í það síðasta vetur að endurskoða áætlunina og áfram

verða þróaðar verklagsreglur, eyðublöð, handbók o.fl. Að lokum ætti að verða til heildstætt EKKO -kerfi þar sem unnið er af fagmennsku og öryggi í þessum viðkvæma málaflokki, ekki síst með áherslu á öflugar forvarnir. Gæðastjóri/jafnréttisfulltrúi hefur leitt þessa vinnu í samstarfi við stjórnendur, námsráðgjafa, sálfræðinga, jafnréttis- og skólaráðsfulltrúa Mímis og fleiri. Þá var gagnlegt að sitja fundi á vegum Heilsueflandi framhaldsskóla í fyrra vetur, sem voru hluti af aðgerðaáætlun vegna þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kyndbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árið 2021-2025.

Góð reynsla skapaðist í að leita til fagráðs eineltismála síðasta vetur og aukin teymisvinna var á meðal starfsfólks í ML. Sálfræðingur skólans og geðheilbrigðisteymi Hsu komu einnig að slíku samstarfi. Skólameistari, námsráðgjafi og jafnréttisfulltrúi skólans munu í vetur sækja námskeið á vegum Menntafléttunnar: *Kynbundið ofbeldi: forvarnir og fræðsla*. Þann 9. nóvember verður þjálfun fyrir vistarverði og stjórn nemendafélagsins. Úr tölvupósti frá Eygló Harðardóttur, verkefnastjóra aðgerða gegn ofbeldi, hjá ríkislögreglustjóra:

Eftir þjálfunina ættu þátttakendur að geta:

- Þekkti einkenni um óæskilega hegðun eða ofbeldi í uppsiglingu.
- Stigið inn í og leyst upp stöðuna með friðsamlegum hætti.
- Stutt við þá sem hafa orðið fyrir ofbeldi
- Markað skýra línu fyrir þá sem þekkja ekki mörk.

Jafnréttisstarf verður áfram virkt. Til stendur að fá fyrirlestur um kynþáttafordóma í haust, *hinseginvika* verður haldin í nóvember. *Sjúk ást* herferðin og *Vika 6* verða á sínum stað í vor og *dansað gegn ofbeldi* í febrúar. Í kynjafræði og félagsfræði er fjallað um fordóma, mörk o.fl. Valáfanginn *geðheilbrigði* hefur í nokkur ár verið í boði fyrir nemendur á þriðja ári. Í nokkur ár hafa nemendur í ML haft aðgang að sálfræðiþjónustu í skólanum og mikilvægt að svo verði áfram. Í haust mun sálfræðingurinn einnig koma inn í umsjónartíma til að kynna sig og fræða nemendur t.d. um kvíða og mörk.

Auk þess að draga úr einelti, áreitni og ofbeldi þá ættu framangreindar áherslur að hafa jákvæð áhrif á vellíðan, sjálfstraust, hamingju, þunglyndi og kvíða.

Sjá nánar um aðgerðir og viðmið um árangur í umbótaáætlun, aftast í þessu skjali.


Leiðsagnarnám – námsumhverfi

Í spurningum varðandi námsumhverfi sjáum við tækifæri til umbóta, sé miðað við stöðuna í öðrum skólum. Með það að markmiði að auka gæði menntunar verður lögð vaxandi áhersla á leiðsagnarnám í ML. Áfram verður áhersla lögð á sjálfstæði og fagmennsku þess fjölbreytta kennarahóps sem starfar við skólann en hugmyndum leiðsagnarnáms gert hátt undir höfði. Nokkrir kennarar sóttu ráðstefnu um leiðsagnarmat í Fmos vorið 2022. Kennari fékk styrk til þróunar- leiðsagnarmats (aukafjármagnsþrep, sjá stofnanasamning) og stefnt er á vinnufund meðal kennara í ML um leiðsagnarmat í febrúar 2023. Fylgst verður með þróun viðhorfa varðandi virka þátttöku nemenda í tímum, tíðni leiðsagnarnáms og hvatningu til ígrundunar. Þessari áherslu verður fylgt eftir í samræmi við stefnumiðaða áætlun ML til þriggja ára:

Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
Spurningar um námsumhverfi framhaldsskólapúlsin um 2021 og 2023.	Sjálfsmatsskýrsla vor 2022 og 2024.	[Staðan 2021] Virkt þátttaka nemenda í tímum 5,4. Tíðni leiðsagnarmats 5,1 Hvatning til ígrundunar 5,2	[Viðmið 2023] Virkt þátttaka nemenda í tímum 5,5. Tíðni leiðsagnarmats 5,3 Hvatning til ígrundunar 5,6	Viðmið 2024 Vinnu lokið, skrifað um þróunina í skólaskýrslu.

Styrkleikar - Framhaldsskólapúlsinn


Þrátt fyrir að tölur um einelti, ofbeldi og áreitni séu of háar þá eru nemendur í ML upp til hópa á því að þau eigi marga góða vini í skólanum. 88% svarenda segjast *sammála* eða *mjög sammála* því.



Mynd 4 - Í skólanum á ég marga góða vini


Skólasókn hefur þróast á góðan veg. Skróp í tíma var 34% í ML 2021 en hafði verið 50,8% 2019. Þó seinkomum hafi fjölgað lítillega á milli kannana þá voru þær fleiri áður og eru undir viðmiðinu.

2.4. Fjarvera: Skróp í tíma – Ársmeðaltöl



Mynd 5 - Fjarvera: Skróp í tíma

2.3. Fjarvera: Seinkomur í tíma – Ársmeðaltöl



Mynd 6 - Fjarvera: Seinkomur í tíma

5. Svefn

Umfjöllun um svefn í þessari skýrslu er eilítil útúrdúr frá mælingum vetrarins, en umbótahugmyndir varðandi svefn hafa verið áfram í deiglunni. Síðast var spurt um svefn í könnuninni Ungt fólk haustið 2020. Þá kom skýrt í ljós að ML-ingar þyrftu að sofa meira.

Svefn - ungt fólk 2020			
Nemendur sem segjast fá um 8 klst svefn eða meira á virkum dögum			
	Allir	Laugar	ML
Strákar	40%	46%	23%
Stelpur	39%	49%	29%

Mynd 7 - Hlutfall þeirra sem segjast fá um 8 klst. svefn í ML, á Laugum og á landsvísu

Nýtt eyktarskipulag var tekið upp haustið 2022 þar sem skólabyrjun var færð aftur til 8:30 (var áður 8:15). Tímasetningar í stundatöflum breyttust samhliða og vinnustundir voru felldar út. Vonast er til að meiri tími með hverjum kennara skapi aukið aðhald og stuðning við námið. Fjallað var um skólabyrjun ML í Morgunblaðinu.



Mynd 8 - ML í Mogganum

Í samstarfi við stjórn nemendafélagsins var sett á dagskrá *Ármannsvika* í lok september 2022. Þá verður endurvakinn sá siður að valdir nemendur sjái um að vekja mannskapinn á heimavistunum á morgnana. Þá verður umfjöllun um mikilvægi svefnis í lífsleikni hjá fyrsta bekk og í umsjónartímum hjá öllum nemendum.

6. Áfangamat haust 2021 og vor 2022

Áfangamat var lagt fyrir í kringum miðannarmatið, í umsjónartímum og svörun var góð. Taflan hér að neðan sýnir hvernig þróunin hefur verið síðustu annir.

Matsþáttur/spurning	Haust 2019	Vor 2020	Haust 2020	Vor 2021	Haust 2021	Vor 2022	Breyting á milli síðust anna
Gefðu áfanganum í heild sinni einkunn á skalanum 1-10	7,9	7,9	8,0	7,9	7,9	7,4	-0,5
Gefðu kennslunni í áfanganum einkunn á skalanum 1-10	7,8	7,8	8,1	8,0	7,8	7,3	-0,5
Gefðu námsefninu í áfanganum einkunn á skalanum 1-10	7,6	7,6	7,9	7,7	7,6	7,2	-0,4
Gefðu námsmatsaðferðum í áfanganum einkunn á skalanum 1-10 þar sem 1 er slæm aðferð en 10 góð aðferð	7,8	7,7	8,0	7,9	7,7	7,3	-0,4
Hvernig meturðu vinnuálagið í áfanganum með einkunn á skalanum 1-10 þar sem 1 er lítið álag 10 mikið álag	6,1	5,9	5,5	5,7	5,9	6,2	-0,3
Leggðu mat á hvernig þér finnst þú standa þig í þessum áfanga á skalanum 1-10	7,8	7,8	7,8	7,8	7,8	7,4	-0,4

Mynd 9 – Niðurstöður áfangamats haust 2019-vor 2022

Stöðugleiki hefur verið í þessum mælingum en nú lækkuðu/versnuðu einkunnir við allar spurningarnar, um 0,3-0,5 stig. Tölurnar ættu að vera til viðmiðunar og ekki endilega ástæða til að bregðast sérstaklega við þessari sveiflu. Líklega verður tekin umræða á starfendarannsóknarfundi. Nú var könnunin með breyttu sniði, með færri opnum spurningum heldur en verið hefur (nánari umfjöllun síðar). Gæti það haft áhrif á tölulegu spurningarnar?

Nokkur umræða hefur verið á meðal kennara um að nemendur hafi misst dampinn í Covid og síðasta vor væru eftirköstin að koma í ljós. Hugsanlega sjáum við þarna speglun á því. Óhjákvæmilega voru allir að halda sér á floti á Covid tímum, kannski fengu nemendur fleiri „sénsa“, minni krafa um ábyrgð og sjálfstæði. Þurfum við að ná saman aftur flugi eftir þetta erfiða skeið?

Einungis skólameistari og kennarar sjálfir skoða niðurstöður fyrir hvern áfanga (auk áfangastjóra ef hún tekur starfsmannaviðtal við viðkomandi kennara). Þrjár opnar spurningar voru í könnuninni um haustið:

Opnar spurningar

- Hversvegna gefur **þú þér** þessa einkunn?
- **Gefðu kennaranum ráð** um það sem þér finnst megj vera betra í áfanganum (kennslan, námsefni, námsmat, vinnan).
- **Hvað finnst þér gott** við áfangann (kennslan, námsefni, námsmat, vinnan)?

Eins og segir í Handbók ML þá ættu kennarar að treysta á fagmennsku sína og leiða hjá sér ómálefnalega gagnrýni nemenda. Margir kennarar lýsa þó erfiðri reynslu í kringum þetta og mikil umræða átti sér stað um réttmæti nafnlausu athugasemdanna; í Teams hópi kennara, á kennarafundi og sjálfsmatsnefndarfundi.

Þegar þrjár vikur voru í áfangmat vorsins var formaður sjálfsmatsnefndar með innlegg á kennarafundi um „**kennslukannanir á eigin vegum**“ og útbjó hugmyndabanka. Kennarar voru hvattir til að einsetja sér að kalla eftir röddum nemenda fram að miðannarmati, deila með hvert öðru þeim leiðum sem væru farnar og hvort þau fengju gagnlega endurgjöf. Þá var gerð sú breyting að einungis var ein opin spurning: *Vilt þú koma einhverju á framfæri varðandi áfangann?* og áfangastjóri sendi eftirfarandi bréf til nemenda:

Opnað hefur verið fyrir áfangamatið á Innu. Í umsjónartíma næsta föstudag verða nemendur beðnir um að fylla það út. Þetta er liður í innra mati skólans og ætti, ef vel tekst til, að styðja við gott nám og kennslu.

Umræða hefur verið um að taka út opnu spurningarnar í áfangamatinu. Það er vegna þess að einstaka nemendur fara illa með það traust sem þeim er sýnt þegar gefinn er kostur á að skrifa nafnlausar athugasemdir.

Við gerum þó áfram tilraun til að halda inni einni opinni spurningu og vonumst til að það verði vettvangur til að koma með sanngjarnar og uppbyggilegar athugasemdir. Sjónarmið nemenda skipta máli en það eru margar leiðir til að koma þeim áleiðis. Til dæmis með því að **ræða beint til viðkomandi kennara eða að leita til umsjónarkennara, námsráðgjafa, áfangastjóra eða jafnréttis- og skólaráðsfulltrúa.**

Áfram verður hugað að því hvernig markmiðum áfangamats, að auka gæði náms og kennslu, má ná án þess að það komi illa við kennara. Er hægt að vinna meira að því að nemendur hafi tækifæri til að hafa áhrif á nám og kennslu í ML en geri það án nafnlausra athugasemda?



Mynd 10 - Útivistarferð, rafting í Hvítá


7. 3ja ára stúdentar og 5 ára stúdentar vor 2022

Fyrirlögn á árlegri könnun meðal útskrifaðra stúdenta frá ML fór þannig fram að gæðastjóri hafði samband á facebook við þær sem voru stallarar í viðkomandi bekkjum. Fyrstu skilaboð voru send á þær 17. maí, með hlekk á könnunina sem þær voru beðnar að deila með sínum útskriftarhópi. Ítrekun var send 24. maí og 7. júní.


Þetta sinnið verður látið nægja að birta í þessari skýrslu skífurit yfir niðurstöður varðandi heildaránægju og undirbúning fyrir nám að loknu stúdentsprófi. Svörin við opnum spurningum voru lesin yfir af gæðastjóra, skólameistara og áfangastjóra í júní 2022. Gögnin eru varðveitt og mögulegt að vinna nánari samantekt og yfirlit aftur í tímann ef vilji er til þess síðar. Valdar niðurstöður kannananna verða kynntar á kennarafundi í haust og á fyrsta fundi sjálfsmatsnefndar.

5 ára stúdentar vor 2022

28 nemendur útskrifuðust 2017, fyrir fimm árum, en 19 svöruðu könnuninni, þ.e. 68% svarhlutfall.




Mynd 11 - 5 ára stúdentar - dvölin í heild




Mynd 12 - 5 ára stúdentar - undirbúningur fyrir frekara nám

3ja ára stúdentar vor 2022

51 nemandi útskrifaðist 2019, fyrir þremur árum, en 31 svaraði könnuninni, þ.e. 61% svarhlutfall.




Mynd 13 - 3ja ára stúdentar - dvölin í heild



Mynd 14 - 3ja ára stúdentar – undirbúningur fyrir frekara nám

8. Stofnun ársins

Í könnuninni „Stofnun ársins“ á vegum Sameykis. Formaður sjálfsmatsnefndar (gæðastjóri) og skólameistari fengu afar góða kynningu á niðurstöðunum frá aðstandendum könnunarinnar. Margt jákvætt bar þar á góma og út frá heildareinkunn var Menntaskólinn að Laugarvatni númer 14 af öllum 152 stofnunum í könnuninni. Í flokknum „minni stofnanir“ eru 54 stofnanir og ML var þar númer 12.



Mynd 15 - Heildarmat "Stofnun ársins"

Fimm hæstu einkunnir ML í mælingunni „Stofnun ársins“ sneru að stefnu um jafnrétti kynjanna, virðingu yfirmanna fyrir starfsfólki, jöfnum tækifærum kvenna og karla til starfsframa, að hafa áhrif á starf sitt og að geta mælt með vinnustaðnum sem góðum vinnustað við vini sína. Í þessum flokkum mældist ML hátt og hærri en annars staðar.

Fimm lágstu einkunnir stofnunarinnar sneru að launakjörum, sumarfríum, fjölbreytni í starfsmannahópnum og loftgæðum. Þessi atriði skora almennt ekki hátt hjá öðrum stofnunum heldur og það voru engin atriði lág og lægri en annars staðar.

Streita var það sem helst þótti gefa ástæðu til viðbragða. Þegar spurt var hvort vinnuálag væri of mikið, hæfilegt eða of lítið var hlutfall þeirra sem sögðu of mikið 47% í ML. Í samræmi við það mældust streitueinkenni í meira lagi. Streita var því til umfjöllunar á skólafundi í september 2022 og vísað á fróðleik á vef Virk, um streitustigann og fleira. Gerð verður samantekt á magni yfirvinnu og hún kynnt á verkefnastjórnarfundi í október. Starfsfólki verður boðin fræðsla um mörk, einu sinni á yfirstandandi skólaári. Stefnt er að því að hlutfall þeirra sem segja vinnuálag sitt of mikið verði 30% (úr 47%) og streitueinkenni mælist 3,7 (úr 3,3).

9. Umbótaáætlun vegna innra mats 2021-2022

Aftast í skýrslunni er umbótaáætlun vegna kannana skólaársins 2021-2022 útlistuð nákvæmlega en hér er listi yfir aðgerðirnar sem eru á dagskrá.

Úr fyrir áætlunum – fylgja áfram eftir	Staða í byrjun sept. 2022	Athugasemdir
Fræðslufyrirlestur um koffín	Hafið	Datt alltaf uppfyrir í fyrra.
Fróðleikur koffín á vegg	Ekki hafið	Hengja hjá ölsölu.
Stefna sett í heilsuefningu	Ekki hafið	Vinna með Maríu Carmen.
Stefna sett fyrir mötuneyti	Ekki hafið	Vinna með Svenna.
Kostum mötuneytis haldið á lofti	Ekki hafið	Vinna með Erlu? Taka myndir og setja á Instagram? Auglýsa meðal foreldra.
Gátlisti Hef fyrir mötuneyti fylltur út	Hafið	Á mötuneytisfundi?
Aðgerðir vegna 201-2022		
Endurskoðun á EKKO-kerfi	Hafið	Fyrstu skrefum lýkur í ágúst 2022. Heldur áfram að þróast næsta vetur.
Kynning á EKKO-kerfi	Hafið	Kynning meðal starfsfólks á skólafundi. Foreldrum verður boðin kynning á aðalfundi þeirra. Nemendur í umsjón.
Rástefna Fmos um leiðsagnarmat	Lokið	Nokkrir kennarar mættu á fjarfundi og ein í stað.
Aukafjármagnsþrep vegna þróunar leiðsagnarmats	Lokið	Freyja Rós með verkefni um leiðsagnarmat.
Vinnufundur í ML um leiðsagnarmat	Ekki hafið	Febrúar 2023? Vinnudagur?
Umræður um streitu á skólafundi	Lokið	Umfjöllun á skólafundi.
Fræðsla um mörk	Ekki hafið	Vinnufundur í október/nóvember?
Samantekt á yfirvinnu	Ekki hafið	Fyrir verkefnastjórnarfund í október? Bera saman í fyrra og núna?
Seinkun skólabyrjunar	Lokið	Kennt eftir nýrri eyktarskipan haust 2022.
Árman svika	Hafið	Komið í skóladagatal.
Fræðsla um svefn í lífsl.+umsjón	Hafið	Komið í samhæfða fræðsluáætlun.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Einelti Áreitni og ofbeldi	Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi eigi sér ekki stað í skólanum.	Gagnger endurskoðun á EKKO-kerfi ML. Í því felst samræming og skýr áætlun í EKKO forvörnum og fræðslu, verklagsreglur, handbók fyrir starfsfólk og fleira. Kynning á endurskoðuðu EKKO- kerfi ML.	Ágúst 2022 (og fínþússað fram á haust). September 2022	Gæðastjóri Skólameistari og gæðastjóri	Niðurstöður framhaldsskólapúls haust 2023. Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu 2024.	3.9. Einelti – Röðun: fari úr 24,4% í 15%. 3.10. Áreitni og ofbeldi – ársmeðaltöl: úr 47,6% í 27%.
Leiðsagnar- nám	Aukin gæði menntunar með áherslu á leiðsagnarnám.	Ráðstefna í Fmos Aukafjármagnsþrep veitt til þróunar leiðsagnarmats. Vinnufundur um leiðsagnarmat hjá kennurum í ML	Febrúar 2022 Vor 2022 Febrúar 2023	Gæðastjóri og skólameistari	Niðurstöður framhaldsskólapúls haust 2023. Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu 2024.	Virk þátttaka nemenda í tímum 5,5 (úr 5,4). Tíðni leiðsagnarmats 5,3 (úr 5,1). Hvatning til ígrundunar 5,6 (úr 5,2).

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Streita og álag	Minna álag og minni streitueinkenni hjá starfsfólki	Stýrðar umræður meðal starfsfólks. Fræðsla um mörk. Samantekt á yfirvinnu.	Skólafundur í september 2021 1x á skólaárinu 2022-2023. Október 2022	Skólameistari Skólameistari og námsráðgjafi Skólameistari	Fundargerð skólafundar. Skólaskýrsla (f. 2022 eða 2023) Kynnt á verkefnastjórnar-fundi í október 2022, umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu 2023. Stofnun ársins 2022, umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu 2023.	Mælingar í stofnun ársins sýni minni streitu: Hlutfall þeirra sem segja vinnuálag sitt of mikið verði 30% (úr 47%). Streitueinkenni mælist 3,7 (úr 3,3).
Svefn	Aukinn svefn nemenda	Seinkun skólabyrjunar Árman svika Fræðsla í lífsleikni og umsjón	Haut 2022 Haut 2022 Haut 2022	Skólameistari og áfangastjóri Skólameistari og Stallari Gæðastjóri	Niðurstöður Ungt fólk R&G haut 2022. Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu 2023.	Lágmark 40% nemenda í ML segist fá fullan nætursvefn (8 tíma eða meira) (úr 23-29%)